



Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps

15. árgangur 6.tbl.

Júní 2018



Hátíðarhöld í Árnesi á þjóðhátíðardaginn 17. júní

- kl. 14:00 Skróðganga
Sprell og leikir
Hefðbundinn koddaslagur í sundlauginni.
Þátttakendum er bent á að hafa með sér aukaföt.
- kl. 15:30 Hátíðardagskrá í félagsheimilinu, Árnesi.
Sr. Óskar H. Óskarsson flytur hugvekju
Ávarp fjallkonu
Hátíðarræða
Hátíðarkaffi í boði sveitarfélagsins

Gleðilega þjóðhátíð!
Nefndin

UPPSPRETTAN

Hlökkum til að sjá ykkur!
Nánari upplýsingar á facebook, í
Uppsprettabækningi og hér í blaðinu

15.-16. júní
2018





Opnunartími og sími skrifstofu sveitarfélagsins í Árneshöfði er:
mánud.—fimmtud. 09-12 og 13-15 föstudaga kl. 09:00 -12:00

486-6100 - skeidgnup@skeidgnup.is

Starfsmaður í Áhaldahúsi

Ari Einarsson 893-4426 ari@skeidgnup.is

Umsjónarmaður gámasvæða Jón F. Sigurdsson - s. 893-7016

Sendið inn efni í næsta fréttabréf fyrir 5. ágúst 2018.

Ekki er gefið út Fréttabréf í júlí, - sumarfrí ☺

Ritstjóri: Kristjana H. Gestsdóttir kidda@skeidgnup.is

Ábyrgðarmaður: Kristófer A. Tómasson, sveitarstjóri.



skjalmenning 5062585172

Opnunartími gámasvæða.

Við Árneshöfði:

priðjudaga kl. 14:00 - 16:00

laugardaga kl. 10:00 - 12:00

Í Brautarholti opið:

miðvikudaga kl. 14:00 - 16:00

laugardaga kl. 13:00 - 15:00

Dýragámar opnir allan sólarhringinn á báðum stöðum!

Fatagámar **Rauða krossins** einnig í Brautarholti og Árneshöfði.

Opnir allan sólarhringinn.

Skaftholt tekur við garðaúrgangi og afklippum trjáa

Alla daga, allan daginn. (Til vinstri á heimreið) Einungis efni úr jurtaríkinu eiga heima á svæðinu við Skaftholt.


Umsjónarmaður gámasvæða er Jón F. Sigurdsson - s. 893-7016

Áburðarpokana þarf að flokka!

Þeir eru tveggja laga og ytra byrðið er endurvinnanlegt en innra byrðið fer í **almennt sorp!** Gámastöðvarnar taka ekki við þessari vöru óflokkaðri!

Kær kveðja. - Jón

Íþróttæfingar í Árnosi sumarið 2018



Í júní verða íþróttæfingar fyrir börn fædd 2005-2011

Mánudagar kl. 17-18 Fótþólti

Miðvikudagar kl. 17-18 Frjálsar

Steini í Stóru-Mástungu mun stýra æfingunum.

Engin æfingagjöld. Upplýsingar verða veittar á facebook-síðu Ungmennafélags Gnúpverja



Hvað er gjaldskýlt og ógjaldskýlt sorp á gámasvæði? Hvernig virkar Klippikortið?

Grundvallaratriði að flokkað hafi verið fyrir afhendingu.

Framvísa skal klippikorti við afhendingu **gjaldskylds úrgangs**.

Ekki þarf að framvísa klippikorti við afhendingu **gjaldfrjálsa úrgangsins**.

Gjaldskyldur úrgangur á gámsvæði:

Almennur óflokkaður úrgangur frá heimilum og fyrirtækjum

Blandaður /óflokkaður úrgangur

Timbur málað og ómálað.

Vörubretti

Húsgögn

Gler

Gifs og gifsplötur

Steinefni/múrbrót

Annar grófur úrgangur frá framkvæmdum

Raftæki

Hjólbarðar m/ felgum

Áfram verður tekið við garðaúrgangi í Skaftholti

Unnið verður að því að girða svæðin betur af. Áfram verður aðgengi að litlum gámi á svæðunum fyrir heimilissorp í litlum umbúðum.

Sveitarstjóri.

Gjaldfrjáls úrgangur:

Hreinar plastumbúðir

Annað flokkað plast—hreint

Bylgjupappi

Dagblöð/tímarit/pappír

Fernur

Flokkaðir málmar

Hjólbarðar

Hundafangari sveitarfélagsins:
Ragnar Sigurjónsson sími:
859-9559.



Heilsugæslan í Laugarási s. 432-2770

Opið virka daga kl. 08:00 -16:00

Símatímar lækna virka daga kl. 9—9:30 og 13 –13:30

Lyfjaendurnýjun kl. 8:00 — 9:00 í síma 432 2020

Neyðarsími 112 - HSu Selfossi 432-2000

Vaktsími lækna og hjúkrunarfræðinga á HSU Selfossi 1700

Lyfja – útibú í Laugarási sími 486-8655

Opið kl 10 - 16.30 alla daga nema föstudaga, kl. 10-13.

Forstöðumaður Skóla-og velferðarþjónustu Árnesþings er

María Kristjánsdóttir maria@hveragerdi.is

Velferðarþjónusta Árnesþings í Laugarási. Sími: 480-1180 Fax: 480-1181

www.arnesthing.is

Áætlun Landflutninga í Árnessýslu:

Landflutningar
SAMSKIP

**Frá Reykjavík kl. 9:00 alla virka daga-
með viðkomu á Selfossi**

Phone: +354 458 8821

Mobile: +354 858 8820

Email: sverrir.unnarsson@samskip.com www.landflutningar.is




facebook

Þjónusta vegna ljósleiðara!

Sigvaldi K. Jónsson s. 863-4111 og Jón Hákonarson hafa umsjón með nýtingum og línubókhaldi Fjarskiptafélags Skeiða-og Gnúpverjahrepps vegna ljósleiðarans. Hafið samband við þá.

skj@internet.is - Sigvaldi K Jóns. og
nonniasum@gmail.com -Jón Hákonarson.



Tilkynning!

Selásbyggingar ehf. eru nú í maí að fara taka fyrstu skóflustungu á byggingu raðhúss við Bugðugerði 3a b, og c.

Mikill hugur er að vanda til verka. Einhver röskun kann að verða meðan á jarðvinnu stendur og eru nágrannar og þeir sem eiga erindi í Bugðugerði hvattir til að fara með gát á meðan jarðvinna er í gangi. Selásbyggingar munu kappkosta að viðeigandi merkingar verði til staðar hverju sinni.

Reisum með reisn!

894-4142



SELÁSBYGGINGAR ehf

Baggamunur!

Bókhalds- og skattaþjónusta

Smiðjustígur 6, Flúðum

866-9035

www.baggamunur.is

s@baggamunur.is



STOPPUSTUÐ í Árnesi!

Rafhleðslustöð fyrir bifreiðar er við inngang skólamötuneytis, (austan megin) við

Félagsheimilið Árnes.

Halló! Hello! I'm here!

Get tekið að mér þrif í sumarhúsum og á heimilum.

Cleaning houses and summerhouses.

Full cleaning servise.

Kristine 786-2688





Hrunamannahreppi, 845 Flúðir, Sími 480 6620, Netfang: undraland@undraland.is

Leikskólakennarar óskast

Leikskólinn Undraland á Flúðum óskar eftir að ráða leikskólakennara til starfa frá miðjum ágúst 2018.

Leikskólinn Undraland er þriggja deilda leikskóli og er staðsettur á Flúðum. Við skólann stunda rúmlega 40 börn nám. Við störfum eftir hugmyndafræði Reggio Emilia með útikennslu að leiðarljósi. Við leggjum áherslu á þarfir barnanna til frjálsra leikja og getu þeirra til að skapa og upplifa.

Náttúran og umhverfið sem við búum í eru nýtt til rannsókna og leikja.

Menntun

Umsækjendur þurfa að hafa lokið leikskólakennaranámi eða tilskilinni menntun.

Hæfni

Kennarar og starfsmenn leikskólans þurfa að búa yfir færni í mannlegum samskiptum, sýna frumkvæði, sjálfstæði og hafa metnað fyrir starfi sínu. Vinna að uppeldi og menntun barnanna í samræmi við námskrá leikskólans og geta unnið í nánú samstarfi við stjórnendur leikskólans.

Launakjör

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitafélaga og Félags leikskólakennara.

Við hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um hjá okkur.

Ef ekki fást leikskólakennarar til starfa verður litið til reynslu og meðmæla úr fyrri starfi/störfum.

Umsóknareyðublöð má nálgast á heimasíðu skólans og hjá leikskólastjóra.

Vinsamlegast sendið inn umsókn á netfangið

ingibjorg@undraland.is fyrir 15. júní.

Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg Bjarney Baldursdóttir leikskólastjóri í síma 480-6620.

Fyrstur kemur fyrstur fær!

Á sléttabóli eru nokkur kör eins og myndin sýnir sem væru til í nýja eigendur.

10 vörubretti fylgja hverju kari og allt er gefins. ☺ Skola þarf karið að innan áður en notkun hefst.

Upplýsingar í síma 864-6904.



Sumarlokun skrifstofu!

Skrifstofan verður lokuð frá og með

9. júlí til 30. júlí n.k. vegna
sumarleyfis starfsmanna.



Símanúmer í Áhaldahúsinu er 893-4426, Ari.
Bókanir í fjallaskálana Gljúfurleit, Bjarnarlækjar-
botna og Tjarnarver eru einnig teknar í síma
893-4426.

Margvíslegar upplýsingar á www.skeidgnup.is
Sveitarstjóri.

HRUNAPRESTAKALL



Kæru sveitungar.

Að venju verða helgistundir í prestakallinu í tengslum við 17. júní
hátiðarhöld en síðasta guðsþjónustan fyrir messuhlé var í Stóra-Núpskirkju
10. júní sl.

Fyrstu messur eftir sumarleyfi eru **síðsumarsmessan í Tungufellskirkju
sunnudaginn 12. ágúst kl. 14** og **hestamannamessa í Stóra-Núpskirkju
sunnudaginn 19. ágúst kl. 14.**

Að venju leggur hópreið af stað frá Hruna kl. 11:30 með viðkomu í Hlíð og
Steinsholti.

Ég verð í sumarleyfi í júlímánuði og fram yfir verslunarmannahelgi. Sr. Egill
Hallgrímsson í Skálholti leysir af á þeim tíma, sími hans er 894-6009.

**Neyðarsími presta í Árnessýslu er tengdur Heilbrigðisstofnun Suðurlands á
Selfossi og lögreglu.**

Með ósk um blessunarríkt sumar.

*Óskar Hafsteinn Óskarsson
sóknarprestur*

Guide for Sorting and Recycling is available! www.skeidgnup.is

The purpose of this guide is to inform the residents of Skeida- og Gnupverja-
hreppur of the progress of the state of sorting for recycling within the municipal-
ity. It is clear that by sorting waste and promoting recycling, the volume of
waste destined for landfill will be reduced. [www. Skeidgnup.is](http://www.Skeidgnup.is) is there are the
information. Best regards from The office.

61. fundur í sveitarstjórn Skeiða-og Gnúpverjahrepps í Árnesi fimmtudaginn 16. maí 2018 kl. 14:00.

Mætt til fundar: Björgvin Skafti Bjarnason, Einar Bjarnason, Gunnar Örn Marteinsson, Meike Witt og Halla Sigríður Bjarnadóttir. Auk þess sat Kristófer A. Tómasson sveitarstjóri fundinn og ritaði hann fundargerð. Spurðist oddviti fyrir um hvort athugasemdir væru við fundarboðið, svo reyndist ekki vera.

Mál til afgreiðslu og umfjöllunar :

1. Fjárhagsáætlun 2018 viðauki. Sveitarstjóri lagði fram tillögu að viðauka við fjárhagsáætlun 2018.
Málaflokkur 13. Lykill 0710. Útgjöld til uppbyggingar ferðamannastaða hækkuð um 1.000.000 kr. Eignasjóður viðhald : Vegna Brautarholts 2.500.000 kr gler og gluggar. Vegna Skeiðalaugar 1.500.000 kr vegna lagna og annars viðhalds.
Framkvæmdaáætlun 1.000.000 kr hækkan vegna lokafrágangs byggingar áhaldahúss. 1.500.000 til girðinga á gámsvæðum. Aukin útgjald samtals 7.500.000 kr mætt með lækkun á handbæru fé. Viðaukar samþykktir samhljóða.
2. Fjárförf – Fjárfestingar- Fjárstreymisáætlun. Sveitarstjóri lagði fram sjóðsstreymisáætlun frá maí -desember 2018 og áætlun um fjárförf.
3. Holtabraut 27. Kauptilboð- verðmat. Lagt fram kauptilboð Elínar Önnu Lárusdóttur og Elvars Mús Svanssonar um kaup á húseigninni Holtabraut 27. Samhliða lagt fram verðmat fasteignasala. Sveitarstjórn samþykkir að selja húsnæðið á matsverði samkvæmt mati fasteignasala. Halla Sigríður Bjarnadóttir sat hjá.
4. Erindi vegna Flata 17. Lagt fram erindi frá Christiane L. Bahner hdl fyrir hönd Kristen Jennerich, varðar leyfi til gistingar í sumarhúsi á Flötum í nafni félagsins Flatir Cottage. Sveitarstjórn samþykkir að fresta afgreiðslu málsins og leita lausna á erindinu. Sveitarstjóra falið að vinna að lausn málsins og kalla tilheyrandi aðila til lausn fundar um málið.
5. Styrkur til framboða. Sveitarstjórn samþykkir að styrkja hvert og eitt framboð til sveitarstjórnar 2018 um 100.000 kr. Styrkur rúmast innan fjárhagsáætlunar.
6. Innleiðing persónuverndarlaga. Lögð fram drög að samningu við Dattaca labs um þjónustu við innleiðingu persónuverndarlaga. Samningur samþykktur samhljóða. Kostnaður rúmast innan fjárhagsáætlunar.
7. Erindi frá ábúendum og íbúum Traðar. Lagt var fram erindi frá eigendum og íbúum fasteignarinnar Traðar fastanr. 220271. Þar er getið um fyrirhugaðar gatnagerðar-framkvæmdir. Óskað er endurskoðunar á skipulagi nærsvæðis fasteignarinnar. Máli frestað, þar sem leiðrétt þarf tilheyrandi lóða og skipulagsgögn.
8. Sala á iðnaðarhúsnæði til Björgunarsveitar. Máli frestað til næsta fundar. Gögn hafa ekki borist.
9. Lóðir við Suðurbraut. Lögð fram lóðarblöð og drög að lóðarleigu-samningum um lóðir nr. 1,2,3,4,5,6,7,8,9 og 10 við Suðurbraut í iðnaðarhverfi sunnan hverfis við Árnes. Nesey ehf sækir um lóðir nr. 3,4,5,6,7,8,9 og 10.
Drög að lóðarsamningum um lóð nr. 1. Við Suðurbraut samþykkt til Björgunarsveitarinnar Sigurgeirs. Lóðir nr. 2 og 7. við Suðurbraut samþykktar til Neseyjar ehf. Lóðarleigusamningur um lóð nr 3 við Suðurbraut samþykkt til Gamla settsins ehf. Afgreiðslu annarra lóðarleigusamninga frestað.
10. Bókun vegna Lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga.
Vegna formgalla í fyrri bókun sveitarstjórnar á fundi nr. 57. 7 mars 2018 um

og veitingar tilheyrandi umboðs en bókað á ný vegna málsins.

Ákvörðun um að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga sem tryggt er með veði í tekjum sveitarfélagsins:

Sveitastjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir hér með á sveitarstjórnarfundum að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að höfuðstól allt að kr. 80.800.000, til allt að 37 ára, í samræmi við skilmála lánasamninga sem áður hafa verið kynntir á sveitarstjórnarfundum og sem sveitarstjórnin hefur kynnt sér.

Sveitarstjórnin samþykkir að til tryggingar láninu (höfuðstól, uppgreiðslugjaldi auk vaxta, dráttarvaxta og kostnaðar), standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, nánar tiltekið útsvarstekjum sínum og fram-lögum til sveitarfélagsins úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Er lánið tekið til fjármögnunar á uppgjöri lífeyrisskuldbindinga við Lífeyrissjóðinn Brú sem felur í sér að vera verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Kristófer Tómassyni, sveitarstjóra Skeiða- og Gnúpverjahrepps kt.060865-5909 veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Skeiða- og Gnúpverjahrepps að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.

11. Eignarhaldsfélag Suðurlands. Tilnefning fulltrúa á aðalfund. Aðalfundur Eignarhaldsfélagsins verður haldinn 23 maí næstkomandi. Lagt var fram boð til fundarins, undirritað af Bjarna Guðmundssyni. Óskað er eftir fulltrúa sveitarfélagsins til setu á fundinum. Samþykkt samhljóða að Björgvin Skafti Bjarnason verði fulltrúi Skeiða- og Gnúpverjahrepps á fundinum. lántöku
12. Rauðikambur. Staða á framkvæmdaáformum. Magnús Orri Schram mætti til fundarins og greindi frá hvar stöðu undirbúnings framkvæmda við Reykholt í Þjórsárdal.

Fundargerðir

13. Fundargerð Skipulagsnefndar nr. 156. Mál nr. 24,25,26,27,28,29,30,31 og 32 þarfnast afgreiðslu.

24. Hólaskógur: Afmörkun fjögurra lóða: Deiliskipulag - 180500

Lögð er fram umsókn Skeiða- og Gnúpverjahrepps dags. 04.05.2018 um nýtt deiliskipulag fyrir Hólaskóg sem er skilgreindur sem jaðarmiðstöð og verslunar og þjónustusvæði í aðalskipulagi. Um er að ræða deiliskipulag fyrir landspildu á Gnúpverjaafrétti sem er innan þjóðlendu. Tillagan tekur til afmörkunar á fjórum lóðum. Skipulaginu er ætlað að staðfesta núverandi mannvirki og uppbyggingar á lóðum.

Lögð er fram umsókn Skeiða- og Gnúpverjahrepps dags. 04.05.2018 um nýtt deiliskipulag fyrir Hólaskóg sem er skilgreindur sem jaðarmiðstöð og verslunar og þjónustusvæði í aðalskipulagi. Um er að ræða deiliskipulag fyrir landspildu á Gnúpverjaafrétti sem er innan þjóðlendu. Tillagan tekur til afmörkunar á fjórum lóðum. Skipulaginu er ætlað að staðfesta núverandi mannvirki og uppbyggingar á lóðum.

Á lóð 1 lnr. 186970 stendur fjallaskáli. Gert er ráð fyrir stækkun skálans auk þess sem er gert ráð fyrir bílastæðum og rútustæðum á lóðinni. Ekki er fyrirhuguð uppbygging á lóð 2.

Oheimilt er að breyta kofanum sem er þar fyrir en þó ert gert ráð fyrir bílastæðum innan lóðar.

Á lóð 3 lnr. 166704 er fjallamannaskáli á tveimur hæðum og hesthús.

Fyrirhuguð er að endurbyggja fjallaskálann á einni hæð allt að 250m² og er gert ráð fyrir rennandi vatni og bílastæðum innan lóðar.

Lóð 4 er notuð sem safngirðing fyrir fé og hross

Ekki er fyrirhuguð frekari uppbygging á þeirri lóð önnur en viðhald girðinga og aðhalds.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu Skipulagsnefndar.

25. Hraunhólar lnr 166567: Íbúða- og frístundabyggð: Stækkun svæðis og fjölgun lóða: Aðalskipulagsbreyting - 1803045

Lögð fram tillaga að breyttu aðalskipulagi Skeiða og Gnúpverjahrepps frá Eflu verkfræðistofu dags. 02.05.2018. Tillagan snýr að breyttri landnotkun úr landbúnaðarsvæði í blandaða landnotkun íbúðar og landbúnaðarsvæði svo unnt sé að fjölga lóðum fyrir smábýli á svæðinu. Jafnframt verður svæðið stækkað til austurs um allt að 18ha og verður alls um 26 ha að stærð.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Með fyrirvara um að gögn verði lagfærð í samráði við skipulagsfulltrúa. Leitað verður umsagnar Skipulagsstofnunar, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Minjastofnunar

Sveitarstjórn samþykkir að tillagan verði auglýst skv. 1. Mgr. 36.gr.skipulagslaga nr.123/2010. Með fyrirvara um að gögn verði lagfærð í samráði við skipulagsfulltrúa. Leitað verður umsagna ofangreindra stofnana.

26. Fossnes frístundasvæði: Minnkun svæðis F30: Breytt notkun: Aðalskipulagsbreyting - 1805018

Lögð er fram tillaga frá Eflu verkfræðistofu dags.02.05.2018 að breyttu aðalskipulagi sem snýr að breyttri landnotkun úr frístundasvæði í landbúnaðarsvæði á allt að 10 ha svæði. Afmörkun frístundasvæðisins verður breytt og verður tvískipt en með sama númeri

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við að lýsingin verði auglýst skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Leitað verður umsagnar Skipulagsstofnunar, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Minjastofnunar

Sveitarstjórn samþykkir að lýsingin verði auglýst skv. 1.mgr. 36. Gr.Skipulagslaga nr. 123/2010. Leitað verður umsagnar ofangreindra stofnana. Meike Witt sat hjá.

27. Brautarholt á Skeiðum: Ýmsar breytingar: Deiliskipulagsbreyting – 1805007

Lögð er fram deiliskipulagsbreyting Brautarholts í Skeiða- og Gnúpverjahreppi dags. 04.05.2018. Breytingin er í samræmi við aðalskipulag 2004-2016. Um er að ræða breytingu sem er tilkomin vegna aukinnar eftirspurnar eftir parhúsalóðum og stærri atvinnulóðum á svæðinu. Í breytingunni felst m.a að verið er að fjölga parhúsalóðum á kostnað einbýlishúalóða við Vallar- og Holtabraut ásamt að lóðarmörk og byggingarreitir þriggja lóða við Malarbraut 2-6 breytast.

Einnig er staðsett hreinsivirki skv. mælingu, lóðin stækkuð og byggingarreitur fyrir tengistöð er færður.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Leita þarf umsagnar Minjastofnunar Íslands og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands. Sveitarstjórn samþykkir að auglýsa tillöguna skv. 1. Mgr. 43. Skipulagslaga nr. 123/2010. Leitað verði umsagnar ofangreindar stofnana.

28. Flóa- og Skeiðamannafréttur lnr 223325: Afmörkun Rauðafoss (F17) og stækkun Þjóðlendunnar – 1805015.

Lagt er fram uppfært landspildublað fyrir Flóa- og Skeiðamannafrétt dags. 23.04.2018. Afmörkun á hnit fyrir Rauðafoss (fs 17) hefur verið breytt. Stærð þjóðlendunnar stækkar því úr 801 km² í 803km².

Málinu er frestað. Óskað er eftir frekari gögnum þar sem breytingin komi skýrt fram. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu nefndarinnar.

29. Þjorsárholt lnr 166616: Stofnun 0,7 ha íbúðahúsalóðar - 1805017

Lögð er fram umsókn Árna Ísleifssonar og Helgu Óskarsdóttur dags. 02.05.2018 um stofnun 6612m² lóð undir íbúðarhús úr landi Þjorsárhólts lnr. 166616 sem á að fá nafnið Þjorsárholt 2. Aðkoma er um Þjorsárhóltsveg sem er jafnframt heimreið bæjarins. Lóðin er á landbúnaðarsvæði í aðalskipulagi.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við stofnun íbúðarhúsalóðar með fyrirvara um samþykki allra landeiganda um að á lóðinni verði byggt íbúðarhús. Ekki er gerð athugasemd við landsskipti skv. 13. gr. Jarðarlaga.

Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti stofnun íbúðarhúsalóðarinnar með fyrirvara um samþykki allra landeigenda um að á lóðinni verði byggt íbúðarhús. Auk þess samþykkir sveitarstjórn fyrir sitt leyti landsskiptin skv. 13.gr. Jarðarlaga.

30. Hlemmiskeið 2A lnr 217104: Stækkun lóðar – 1805023

Lögð er fram umsókn Vilhjálmss Eiríkssonar og Ásthildar Sigurjónsdóttur dags. 07.05.2018 ásamt uppdrætti sem sýnir breytta afmörkun og stærð lóðar .

Hlemmiskeið 2A lnr. 217104 úr landi Hlemmiskeiðs 2 lnr. 166465.

Gert er ráð fyrir að lóðin verði 4300m² að stærð í stað 3575 m² eins og hún er skráð núna.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við afmörkun lóðarinnar með fyrirvara um samþykki eiganda aðliggjandi lóða á hnitsetningu lóðamarka. Ekki er gerð athugasemd við landsskipti skv. 13 gr. jarðarlaga.

Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti afmörkun lóðarinnar með fyrirvara um samþykki eigenda aðliggjandi lóða á hnitsetningu lóðarmarkga. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við landsskipti skv. 13.gr. jarðarlaga.

31. Hlemmiskeið 2 lnr 166465: Hlemmiskeið 2D, Hlemmiskeið-Drífudæld og Hlemmiskeið-Hraunsnef: Stofnun þriggja lóða – 1805024

Lögð er fram umsókn Jóhönnu Vilhjálmssdóttur og Snæbjörns Guðmundssonar dags. 07.05.2018 um stofnun þriggja nýrra lóða út úr jörðinni Hlemmiskeið 2 lnr. 166465

Fyrsta lóðin er 4176 m² að stærð skv. hnitsettu lóðarblaði og jafnframt óskað eftir að landið fái nafnið Hlemmiskeið – Drífudæld.

Önnur lóðin er 11,3 ha að stærð skv. hnitsettu lóðarblaði og jafnframt óskað eftir að landið fái nafnið Hlemmiskeið – Hraunsnef.

Þriðja lóðin er 4.850 m² að stærð skv. hnitsettu lóðarblaði og jafnframt óskað eftir að landið fá nafnið Hlemmiskeið 2D.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við stofnun lóðanna með fyrirvara samþykki eigenda aðliggjandi lóða á hnitsetningu lóðamarka. Mið fyrirvara um samræmingu á heiti lóðanna. Ekki er gerð athugasemd við landsskipti skv. 13. gr. Jarðarlaga.

Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti stofnuna lóðanna með fyrirvara um samþykki eigenda aðliggjandi lóða á hntisetningu. Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti landsskiptin skv. 13. Gr. Jarðarlaga.

32. Hlemmiskeið land 2 lnr 174528: Hlemmiskeið 2C: Breytt stærð og heiti lóðar – 1805022

Lögð er fram umsókn Jóhönnu Vilhjálmisdóttur og Snæbjörns Guðmundssonar dags. 07.05.2018 ásamt uppdrætti sem sýnir breytta afmörkun og stærð lóðar

Hlemmiskeið land 2 lnr.174528 úr landi Hlemmiskeið 2 lnr. 166465. Gert er ráð fyrir að lóðin verði 13.330m² í stað úr 1.250 m² eins og hún er skráð núna . Samhliða er óskað eftir að breyta heiti lóðarinnar í Hlemmiskeið 2C.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við afmörkun lóðarinnar með fyrirvara um samþykki eiganda aðliggjandi lóða á hnitsetningu lóðamarka. Með fyrirvara um samræmi heiti lóða á bæjartorfunni. Ekki er gerð athugasemd við landsskipti skv. 13 gr. jarðarlaga.

Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti stofnuna lóðarinnar með fyrirvara um samþykki eigenda aðliggjandi lóða á hntisetningu. Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti landsskiptin skv. 13. Gr. Jarðarlaga.

14.Fundargerð stjórnar Brunavarna Arnessýslu. Fundargerð lögð fram og staðfest.

15.Fundargerð 34. Fundar menningar- og æskl.nefndar 03.05.18.

Fundargerð lögð fram og staðfest.

Samningar

16.Samningar um skólaakstur. Þarfnast staðfestingar. Lagðir fram undirritaðir samningar um skólaakstur við verktaka í skólaakstri. Veturna 2017-2018 og 2018-2019. Samningar staðfestir. Meike Witt samþykkti með fyrirvara um að læknisskoðun sé samkvæmt reglugerð 830/2011.

17.Samningur við Sjóð innheimtur. Samningur staðfestur.

18.Samningur við Ræktunarsamband Flóa- og Skeiða. Lögð fram drög að samningi við Ræktunarsamband Flóa – og Skeiða um borun efti rheitu vatni í Þjórsárholti. Samningsdrög samþykkt og sveitarstjóra falið að skrifa undir samninginn. Gert hefur verið ráð fyrir kostnaði við verkefnið í fjárfestingaáætlum.

19.Samningar um hrossabeit. Lögð fram drög að samningum um leigu lands í eigu sveitarfélagsins í land Réttarholts og nágrennis undir hrossabeit. Samningshafar: Traðarland ehf, Lilja Loftsdóttir, Sigurður Bjarnason og Pétur Kjartansson. Samningsdrög samþykkt samhljóða og sveitarstjóra falið að skrifa undir samningana fyrir hönd sveitarfélagsins.

20.Samningur við Birgi Birgsson um Nónstein og aðstöðu í Árnesi. Sveitarstjóri lagði fram drög að samningum um leigu á gistiheimilinu Nónsteini sumarið 2018, auk aðstöðu í félagsheimilinu Árnesi. Samningshafi Nico ferðaðþjónusta ehf í eigu Birgis S. Birgissonar. Samningar samþykktir samhljóða og sveitarstjóra falið að skrifa undir fyrir hönd sveitarfélagsins.

Annað

21. Ísland- Atvinnuhættir og menning. Lagt fram erindi frá ZagaZ undirritað af Árna Emilssyni. ZagaZ vinnur að útgáfu bóka í fjórum bindum um Atvinnuhætti og menningu á Íslandi. Óskað er eftir stuðningi við útgáfuna gegn því að sveitarfélagið fái umfjöllun í bókunum. Sveitarstjórn hafnar beiðninni.
22. Orlofsnefnd SSK. Lagt fram bréf frá orlofsnefnd húsmæðra í Árnes- og Rangárvallasýslu undirritað af Önnu Kr Ásmundsdóttur. Skeiða- og Gnúpverjahreppi ber að greiða Kr. 76.528 til orlofsnefndarinnar. Það er í samræmi við fjölda íbúa. Fjárhæð er innan fjárhagsáætlunar. Samþykkt samhljóða. Sveitarstjóra falið að ganga frá greiðslunni. Sveitarstjórn leggur áherslu á að stuðningur við orlofsnefnd húsmæðra sé barn síns tíma.
23. Önnur mál, engin.

Mál til kynningar:

- A. Afgreiðslur byggingafulltrúa. 18-78, 2. maí 2018.
- B. Bugðugerði 3. Staðfesting lóðar UTU.
- C. Fundargerð 859. Fundar stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga.
- D. Styrkúthlutun vegna minjaskráningar.
- E. Verkfundur gatnagerð.
- F. Íbúakönnun landshlutanna.
- G. Fundargerð 186. fundar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.
- H. Viljayfirlýsing um sorpmál.
- I. Styrkveiting EBÍ.
- J. Skýrsla sveitarstjóra.

Fundi slitið kl.17:30 næsti fundur sveitarstjórnar ákveðinn miðvikudaginn miðvikudaginn 6. júní næstkomandi. Kl. 14.00.



www.Híalín.is

Silkiprentuð munstur sem
hafa beina skírskotun í
íslenska náttúru.
Sérsaumaðir kjólar,
húfur, leggings og
bolir.

Kíktu í helmsókn og
verslaðu í heimabyggð.



Kær kveðja
Vilborg í Skarði
863 9689/ vilmarius13@gmail.com



Tónleikar - Barrokkvöld

Selfosskirkju 14. júní klukkan 20:00 og

Skálholtsdómkirkju 15. júní klukkan 20:00

Trompetleikararnir Jóhann Stefánsson og Vilhjálmur Ingi Sigurðarson hafa nokkrum sinnum komið fram ásamt Jóni Bjarnasyni dómorganista í Skálholti á Skálholtshátíð, við hátíðarmessur og jóla- og aðventutónleika undanfarin ár.

Upp kom sú frábæra hugmynd að gera aðeins meira á þessum nótum og halda barrokkvöld. Skálholtsdómkirkja er frábært hús til að flytja og hlýða á tónlist í ekki síst barrokktonlist. Það hefur sannast meðal annars með tónlistarhátíðinni Sumartónleikar í Skálholti sem haldin er í júlímánuði árlega frá árinu 1975.

Orgel og trompetar eru sérstaklega glæsileg hljóðfærasamsetning og er til gríðarlegt magn af glæsilegri tónlist fyrir þessi hljóðfæri saman.

Á tónleikunum fá þremmenningarnir til liðs við sig frábært tónlistarfólk. Það eru Sigríður Ósk Kristjánsdóttir mezzosópran, Sigurður Halldórsson sellóleikari ásamt fleiri frábærum strengja-leikurum.

Á tónleikunum verður eingöngu flutt tónlist frá barrokk tímanum. Það er nokkurn veginn tímabilið frá 1600 til 1750. Barrokk tímabilið var gríðarlega spennandi tími í vestrænni tónlistarsögu og eru verk frá þessum tíma mjög vinsæl enn þann dag í dag.

Frægustu tónskáld tímabilsins eru meðal annarra J. S. Bach, Händel og Vivaldi.

Tónleikarnir eru styrktir af SASS

uppbyggingarsjóði suðurlands í flokki menningar verkefna.

Aðgangseyrir 2.500 krónur.





Landsvirkjun

Opið hús í nýjustu aflstöðinni okkar – Búrfellsstöð II

Kæru sveitungar

Landsvirkjun er búin að vera með starfsemi hér í sveltinni í ríflega 50 ár og nú viljum við bjóða ykkur í heimsókn. **Sunnudaginn 1. júlí** verður opið hús í Búrfellsstöð II, milli klukkan **11** og **15**.

Við biðjum fólk um að mæta á bílaplanið við Búrfellsstöð. Rútur munu ferja gesti þaðan í nýjustu aflstöðina, þar sem starfsfólk fræðir gesti um framkvæmdina.

Gestir eru hvattir til að koma í góðum skóm og klæða sig eftir veðri.

Vinsamlegast skráið þátttöku á landsvirkjun.is/skraning til að auðvelda skipulagið.

UPPSPRETTAN 1

Föstudagur



10:00-12:00 Myndasýning í Árnesi

Héraðsskjalasafn Árnesinga sýnir ljósmyndir úr Skeiða- og Gnúpverjahreppi og óskar eftir aðstoð við að nafngreina fólk, staði og fleira á myndunum. Myndunum er varpað upp á tjald og starfsmaður skjalasafnsins leiðir gesti í gegnum verkið.

17:00 Brokk og skokk Skaftholtsréttum

Hestar og menn etja kappi í bráðskemmtilegri keppni sem gaman er að fylgjast með. Keppt er í fjölskyldu- og íþróttaflokki. Hestamannafélagið Smári á heiðurinn af Brokki og skokki ásamt ungmennafélögunum á svæðinu. Skráning fer fram á facebook-síðu keppinnar.



Afmælisveisla í Neslaug

Neslaug er títug um þessar mundir og býður til einstakrar afmælisveislu af því tilefni. Laugin verður opin frá kl. 14:00-22:00 en afmælisdagskráin verður sem hér segir:



18:00-20:30 Pizzavagninn mætir á staðinn og gefur okkur frí frá eldamennskunni.

Harmonikkú-tónlistin svífur yfir vötnunum sem aldrei fyrr.



19:30 Bibí og Björgvin Franz mæta á sundlaugarbakkann og troða upp með töfrandi lögum ævintýranna. Það er aldrei að vita hverju þau taka upp á.

Allir eru að sjálfsögðu velkomnir, hvort sem er á sundlaugarbakkann eða ofan í laugina. Frítt inn.



5.-16. JÚNÍ 2018

Laugardagur



11:00 Leikhópurinn Lotta í Árnosi

Leikhópurinn Lotta er okkar dyggi aufúsugestur á Uppsprettninni. Sýningin í ár er byggð á sögunni um **Gosa** og höfðar til allra barna á aldrinum 2-99 ára. Hún fer fram utandyrja, en ef veðrið spillir færur við okkur inn í salinn í Árnosi. Við bjóðum upp á sýninguna á gjafaverði, en miðaverðir er kr. 1000-, frítt fyrir 3 ára og yngri. Verðið gildir ekki með öðrum tilboðum. Byrjað verður að selja inn kl. 10:30, vinsamlegast mætið tímanlega.

UPPSPRETTUGLEÐI AF ÝMSU TAGI Í ÁRNESI

10:30 Miðasala á **Lottu-sýningu** sumarsins hefst (sjá hér að ofan)

11:30-13:30 **Sumargóðgæti úr sveitinni—ljúfengur málsverður.**

Verð kr. 1000 , en 10 ára og yngri greiða hálfvirði.

11:30 **Bjástrað á bæjunum**—sýning og sala á listmunum , munngæti og ýmsum varningi úr smíðju íbúa sveitarinnar og góðra gesta.

12:00-14:30 **Hoppukastali og loftboltar.**

Uppsprettuþraut— skemmtilegur leikur fyrir alla sem eru til í smá glens. Hægt að nálgast þrautablöð við barborðið.

Leiksvæði fyrir börn

Lukkuhjól

13:00 **Landsleikur í fótbolta:** Ísland-Argentína á stóra tjaldinu

13:30-16:30 **Árnes-Café** opið. Á boðstólnum verða ljúffengar kræsingar fyrir svanga Uppsprettagesti.

15:00 **Loka-athöfn og verðlaunaafhendingar**



Gjaldskrá Búnaðarfélags Gnúpverja 2018

Öll tæki félagsins eru eins og áður í umsjón Einars í Heiðarbrún og ber að skila þeim til hans **Sími: 848-1619**

Öll verð eru án vsk.

Gjaldskrá 2018 gildir einnig fyrir félagsmenn í Búnaðarfélagi Skeiðamanna

Staurabor	4.000 kr pr. klst. 6000 lágmarksgjald
Haugsuga 11,5 T	16.000,-kr pr. dag
Haugsuga 15 T	18.000 kr pr. dag
Skádæla	12.000 kr ,pr. Fyrstu 3 daga síðan 9 þús pr dag
Brunndæla	12.000 kr ,pr. Fyrstu 3 daga síðan 9 þús pr dag
Pinnatætari	4.200 kr/klst,
Hnífatætari	4.200 kr/klst,
Flaghefill	3.300 kr/klst. Lágmarksgjald 4.000 kr.
Flag- og túnvaltari 6,3 m,	5.000 kr/klst, fyrstu 5 klst. síðan 2.500 kr/klst.
Plógur, fjórskeri, fjölstillanlegur	3.200 kr/klst. Lágmarksgjald 6.000 kr.
Fjaðrahærfi	2.700 kr/klst. Lágmarksgjald 5.000 kr.
Steypuvél	150 kr/poka, startgjald 5.000 kr.
Flatvagn (rúlluvagn) NÝTT	6.000 kr/dag. + 90 kr pr km. lágmarks.gj 10.þús
3ja hesta kerra	6.500 kr heill dagur, fyrir félagsmenn Búnaðarféлага Gnúpverja og Skeiða, annars 8.500 kr/dag
Fjölnotakerra (tveimur fetum lengri en sú gamla)	8.000 kr heill dagur, fyrir félagsmenn Búnaðarféлага Gnúpverja og Skeiða, annars 9.500 kr/dag
Klaufskurðarbás fyrir fé	8.000,- kr pr dag.
Slóði	3.900,- kr / klst
Vendiplógur – opinn, 4ra skera	4.000 kr daggjald og 440 pr km. NÝTT Í FYRRA
Athafnakerra	6.500,- kr pr dag Utanfélagsmenn Gnúp og Skeið Greiða 8.500,- kr pr dag. NÝTT

Ætlast er til að tæki komi hrein úr útleigu. Ef misbrestur verður á því, áskilur Búnaðarfélagið sér rétt til að taka sérstakt gjald fyrir þríf, en það er **20.000 kr.** Skemmdir á tækjum vegna vítaverðs gáleysis greiðast af leigutaka!!

Bent skal á að mögulegt er að fá tæki hjá Búnaðarfélagi Skeiðamanna ef öll tæki Búnaðarfélags Gnúpverja eru upptekin.

Ath. Þegar tækjum er skilað sendið þá Einari Guðnasyni sms með tímafjölda á tækjum. Gsm. 848-1619
Sumarkveðja

Búnaðarfélag Gnúpverja



Sími 899-2910
Júní 2018

www.pizzavagninn.is



Staðurinn sem kemur til bín

Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
31. maí	1. júní Brautarholt 18:00-20:30	2. júní Lokað í dag
7. júní	8. júní Flúðir 18-21	9. júní Lokað í dag
14. júní	15. júní Árnes 18:00-20:30	16. júní Reykholt 18-21
21. júní	22. júní Flúðir 18-21	23. júní Borg 18:00-20:30

Grænna land ehf.

Hellulagnir

Áburðargjöf

Beðahreinsun

Garðsláttur

Garðaúðun

Gróðursetning trjáplanta

Ráðgjöf um hönnun garða

Trjáklippingar

Þökulagnir

Trjáplöntusala



Erla Björg Arnardóttir

Garðyrkjufraeðingur

Sími: 858-3399

graennaland@simnet.is

Reykjaferð - Dagana 14. -18. maí lögðu 6. og 7. bekkur land undir fót. Ferðinni var heitið í Skólabúðirnar að Reykjum í Hrutafirði. Með í för var umsjónarkennari þeirra Hafðís og aðstoðarkona var Ljósbrá Loftsdóttir. Krakkarnir skemmtu sér vel við leik og störf. Við komum heim reynslunni ríkari auk þess sem börnin unnu til tveggja verðlauna. Þórkatla Loftsdóttir vann borðtenniskeppnina og stelpurnar í báðum bekkjum unnu hárgreiðslukeppnina en módel þeirra var Þrándur Ingvarsson.



Sundkeppni Bjorsarskóla - Miðvikudaginn 23.maí fór fram hin árlega sundkeppni Bjorsarskóla í sól og blíðu. Keppnin fer fram hjá 5.-7.bekk þar sem keppt er í skriðsundi og bringusundi. Veitt eru verðlaun fyrir 1.-3.sæti stúlkna og drengja. Keppendur voru 16 talsins og var keppnin æsispennandi. Hjá stúlkunum munaði aðeins sekúndubrotum á fyrsta og öðru sæti og svo þriðja og fjórða sæti. Í fyrsta sæti stúlkna var Bryndís Einarsdóttir, í öðru sæti var Alda Sól Hauksdóttir og í þriðja sæti var Þórhildur Arnarsdóttir. Í fyrsta sæti drengja var Þrándur Ingvarsson, í öðru sæti var Jón Ágúst Haraldsson og í þriðja var Magnús Arngrímur Sigurðsson. Endað var á sprelli og fatasundi miðstigs en allir nemendur fóru ofan í laug og tóku þau nokkra kennara með sér.



Vistheimt –Fimmtudaginn 24. maí fóru 5,6 og 7. bekkur að skoða og laga tilraunareitina okkar á Skafttholtsfjalli. Veðrið var nokkuð gott til útivistar. Með okkur í för voru þær Anna Sigga frá Landgræðslunni og Rannveig frá Landvernd. Krakkarnir settu niður tepoka en það á að kanna hvernig þeir brotna niður í náttúrunni. Næsta haust munu þau taka upp tepokana og halda áfram með



Borðtenniskynning - Fimmtudaginn 24. maí fór fram kynning á borðtennis í Þjórsárskóla í samstarfi við Ungmennafélag Gnúpverjahrepps. Bræðurnir Skúli og Gestur Gunnarssynir sem eru leikmenn og þjálfarar í KR sáu um kynninguna. Þess má til gamans geta að þeir hafa sterkar tengingar hingað í sveit. Kynningin var höfð á skólatíma til að ná til flestra krakka hér í sveit. Frábær stemmning myndaðist og voru nemendur mjög áhugasamir. Var þeim bent á æfingar í Dímon á Hvolsvelli í lok kynningarinnar, ef áhugi er fyrir hendi. Kann Þjórsárskóli og UMFG þeim Skúla og Gunnari bestu þakkir fyrir að annast kynningu í skólanum.



Norræna skólahlaupið - Síðasta skógarferð vetrarins er jafnframt sú sem er mest spennandi í augum barnanna í skólanum. Þá er byrjað á því að taka þátt í skólahlaupi í skóginum, eldri nemendur hlaupa 5 km og þau yngri 2,5 km. Á heimleiðinni var farið niður að Kálfá og þeir sem vildu fengu að sulla í ánni.

Vordagur – Í síðustu viku skólans er hefð fyrir því að



vinna á skólalóðinni. Þá gerum við fint í kringum skólann, sópum, týnum rusl, setjum niður og berum áburð á tré o.fl. Í hádeginu býður 6. bekkur upp á grillveislu.



Vorferðir voru farnar miðvikudaginn 30. maí. 1.- 4.bekkur fór í fjöru, á Veiðisafnið og endaði síðan á grillveislu í Dalbæ. Þar tóku Bryndís og Már Óskar vel á móti okkur.



5.-7. bekkur fór austur á bóginn. Ferðinni var heitið að Skógum. Þar var komið besta veður, þurrt og nokkuð bjart. Eftir að hafa snætt nestið utandyra fengum við fróðlegan fyrirlestur um safnið. Að þessu búnu var ekið til baka og farið í hamborgaraveislu á Hlíðarenda á Hvolsvelli og ferðinni lauk svo á eldfjallasafninu.



Skólaslit - Skólanum var slitið þann 31. maí við hátíðlega athöfn og með sýningu á verkefnum nemenda. Veitt var viðurkenning fyrir háttvísi og góða félagslega hæfni. Sindri Snær Björgvinsson í 3. bekk og Alda Sól Hauksdóttir í 7. bekk tóku á móti verðlaunum að þessu sinni. Einnig tóku þau Bryndís Einarsdóttir og Þrándur Ingvarsson á móti sundbikurum.



Nemendur sungu á skólaslitunum undir stjórn Guðmundar Pálssonar.

Sindri Snær og Alda Sól.

Þrándur og Bryndís.

Sex nemendur luku 7. bekk og halda nú á vit nýrra ævintýra. Við óskum þessum flottu ungmennum alls hins besta í framtíðinni. Hér eru þeir með Gunnari S. Jónssyni þroskaþjálfafa.



**Skólinn verður settur þriðjudaginn
21. ágúst n.k.
Takk fyrir veturinn.
Starfsfólk Þjórsárskóla.**

Auglýsing vegna umsókna um leikskólavist

Ég vil hvetja foreldra í sveitarfélaginu

að sækja um leikskólavist með góðum fyrirvara

Mig langar að árétta mikilvægi þess að sækja um leikskólavist með fyrirvara. Hægt er að fara á netið og sækja um leikskólavist rafrænt á þessari slóð: <http://skeidgnup.is/efni/leikskolinn-leikholt> (Umsókn um leikskólavist - rafræn.) Einnig er hægt að senda mér póst á netfangið leikholt@leikholt.is ef þú hefur fyrirspurnir.

Til þess að hægt sé að taka á móti nýjum börnum þarf leikskólastjóri að vita hvað er von á mörgum börnum á hverju misseri (haustönn/vorönn), þegar það er vitað er hægt að skoða hve marga starfsmenn leikskólinn þarf að hafa til að geta tekið á móti ákveðið mörgum börnum.

Alltaf getur komið upp sú staða að fólk flytur óvænt í sveitina og vanti snögglega pláss í leikskólanum, við höfum reynt að verða við öllum óskum sem við fáum, en ég vona að heimamenn geti séð sér fært að sækja um með fyrirvara.

Til dæmis þeir sem vilja fá pláss í leikskólanum næsta haust (fyrir næstu jól) þá væri mjög gott að fá þær umsóknir í maí, byrjun júní svo ég geti verið með tilbúinn þann starfsmannafjölda sem ég þarf um haustið.

Með bestu kveðjum og von um gott samstarf,
Elín Anna Lárusdóttir leikskólastjóri í Leikholti



Country Taxi

Sinni öllum uppsveitunum, ball, afmæli eða annar mannfagnaður. Allar upplýsingar á facebook:

<https://www.facebook.com/leigubill/>

eða í síma 776-0810. Kv. Dóri





Leikholttsfréttir í júní 2018

Í Leikholti er alltaf mikið um að vera. Í maí var farið í tvær lambaferðir. Þá fyrri fóru börnin fædd 2015-2016, 15. maí að Húsatóftum og fengu að sjá kindur, lömb, traktor (eða Massi eins og börnin kalla hann), kisu og einnig sáu þau kind bera lambi. Við færum Alla og Elinu á Húsatóftum þakkir fyrir að bjóða okkur í heimsókn. Seinni ferðin var 23. maí í Vorsabæ og fóru þá börnin sem fædd eru 2012-2014. Þau fengu að sjá kindur, lömb, geitur og margt fleira. Þau grilluðu sér pylsur hjá þeim í hádeginu þar sem þau voru svo dugleg að ganga fram og til baka þennan dag frá



Heklubörnin fóru í Lambaferð á Húsatóftir

Heklubörn með fuglana sína

Leikholti í Vorsabæ.

Við færum Stefáníu og Bubba þakkar fyrir boðið í Lambaferð.

Öðruvísi dagur var þann 25. maí og var að venju lýðræðisleg kosning í Vörðufelli um hvernig dagur ætti að vera og valdi meirihlutinn að hafa Salardag, þá tóku þau alls konar efnivið og voru að leika sér í salnum. Gaman er að segja frá því að börnin í Vörðufelli höfðu einnig áhuga að ræða sveitarstjórnarkosningar núna í maí þar sem umræðan um lýðræði og kosningar hefur verið mikil.

Við höfum notað veðrið að vera í verkefnum úti eins og að smíða gróðurkassa sem við ætlum svo að gróðursetja ýmislegt í.

Einnig hafa börnin í Heklu unnið mikið í myndlist við að mála fugla, hafa tónlistarstundir úti og margt fleira skemmtilegt sem hægt er að gera úti.



Áskanir þess og þessir heimsóktu þá á Vörðufelli

Vörðufellsbörn að smíða gróðurkassa

Vörðufellsbörn í Lambaferð í Vorsabæ



Þriðjudaginn 5. júní útskrifuðum við svo sjö börn sem fædd eru árið 2012 og munu þau fara í Þjórsárskóla í haust. Haukur Vatnar deildarstjóri þeirra og hópstjóri afhenti þeim viðurkenningar-skjal ásamt birkiplöntu sem þau taka með sér heim til að gróðursetja. Harpa Dís í Björnskoti útvegar okkur alltaf trjáplöntur fyrir útskriftarbörnin ásamt að gefa okkur 3 til viðbótar sem við svo gróðursetjum hér í leikskólagarðinn okkar, við færum Hörpu Dís miklar þakkir fyrir þessar plöntur. Þennan sama daga eftir útskrift voru útskriftarbörnin með áttthagakynningu á sínu nærumhverfi fyrir okkur í leikskólanum og gesti. Eftir kynninguna var síðan farið út í Vorhátíð í garðinum, þar var mikið sprellað saman, leiksýning með álfunum Þuru og Þorra (Takk foreldrafélag), hægt var að klappa geitum og kanínunum frá Hæli 3 (Takk Beta) og hvorpum frá Húsatóftum 2 (Takk Elín), hægt að hjóla í hjólabraut sem starfsmenn leikskólans settu upp á bílaplaninu ásamt Ara og Arnari. Einnig var hægt að blása sápukúlur, kríta á stéttina, spjalla, hafa gaman og fá sér veitingar. Takk allir kærlega fyrir komuna á Vorhátíð Leikhólts.

7. júní fóru síðan útskriftarbörnin í útskriftarferð sem var þannig að þau fóru með skólabíl í Laugarvatnshelli og fengu að skoða ásamt útskriftarárgangi Bláskógaskóla á Laugarvatni og Undralandi á Flúðum. Síðan var farið í Bálskýlið á Laugarvatni þar sem þeim var boðið í mat sem eldaður var á báli, skógarferð í skóginum hjá þeim og síðan til að toppa ferðina var farið í Efsta-Dal og borðaður ÍS. Við þökkum Bláskógaskóla á Laugarvatni og Undralandi á Flúðum fyrir samvinnuna og þessa skemmtilegu útskriftarferð.

Leikskólinn Leikholt fer í sumarfrí eftir þann 29. júní og opnar aftur þriðjudaginn 7. ágúst, við óskum öllum gleðilegs sumar.

Kveðja frá öllum í Leikholti.

Menn og málefni!

Frá Flúðaskóla útskifuðust úr 10. bekk þann 31. maí s.l ungmenni héðan úr sveitinni en það eru þau:

Anna Birta Schougaard, Ásólfstöðum 1a
Ásgrímur Örn Jónasson, Holtabraut 13
Edda Guðrún Arnórsdóttir, Þrándarholti 3
Freyja Margrét Vilhjálmisdóttir, Hlemmiskeiði 2
Sigurinn María Sigurðardóttir, Skarði
Valgerður Einarsdóttir, Hæli 2



Hér er föngulegur hópur á ferðinni og við óskum þeim innilega til hamingju með þennan áfanga.

Þessi góða græja er til sölu fyrir mjög lítið!



Fjölnota vél af gerðinni Kyocera, Taskalfa 250 ci er til sölu. Notuð vél en á samt heilmikið eftir og hefur verið endurnýjuð að hluta. Hún er talin umhverfisvæn, lita lazerprentari, ljósritunarvél, skannar á e-mail stækkar og minnkar (tekur A3 blöð) Kostnaður á bls. er um 1 kr pr svarthvíta síðu og um 10 kr. pr. litsíðu. Vélin er staðsett á skrifstofu sveitarfélagsins. Áhugasamir hafið samband þangað 486-6100 eða sendið póst á skeidgnup@skeidgnup.is

Getraunanúmer Ungmennafélags Gnúpverja

Við styðjum UMFG með þátttöku okkar!



802

Flokkunarhandbókin 2018

Breytingin á flokkun í **grænu tunnuna** felur í sér að hætta að setja málma og fernur/sléttan pappa í plastpoka. Þetta einfaldar flokkunina og gerir hana þægilegri fyrir notendur Grænu tunnunnar og umhverfisvænni um leið. (mánaðarmolinn.) 😊

Foreldrafélagið í Bjórsárskóla ákvað að enda skólaár nemendanna í Bjórsárskóla með pompi og prakt. Eftir skólaslit Bjórsárskóla 31. maí í Árnesi var haldin vorhátíð fyrir börn, foreldra og fjölskyldur þeirra. Vorhátíðin byrjaði á því að John Tómasson töframaður kom og skemmti með töfrabrögðum börnum og fullorðnum til mikillar lukku. Eftir töfrasýninguna vorum við svo heppin

að bænum okkar um gott veður var svo sannarlega svarað með þvílíkri bongóblíðu, sól og hita. ☺ Svo restin af vorhátíðinni var úti á pallinum við Árnes og á grasflötinni. Þar var mikið um að vera hægt var að fara í alls konar leiki eins og Kubb, húllahringi, pokahlaup og fleira. Einnig vorum við heppin með að fá þau Hauk Vatnar og Emmi til að mála andlitin á börnunum. ☺ Candy floss vél var á staðnum og úr þessu varð hin skemmtilegasta


vorhátíðarstemning. Við þökkum öllum þeim sem komu á vorhátíðina fyrir samveruna, einnig John Tómassyni töframanni fyrir töfrasýninguna og Hauki Vatnari og Emmi fyrir andlitsmálunina.

Bestu kveðjur frá stjórn foreldrafélags Bjórsárskóla, Elín Anna, Linda, Gunnþór, Elín Sólveig, Ásta Björg og Irma.



Á bak við eldavélina!

Það er hún Hranfhildur Magnúsdóttir, í Brautarholti, húsmóðir og fv. matráður í Brautarholtsskóla til fjölda ára sem leggur til uppskriftirnar handa okkur þegar sumarið er loksins komið. ☺



Takk kærlega fyrir áskorunina kæra fyrrum samstarfsskona, í Þrándarholti. Í tilefni af Kótiletunni á Selfossi um nýliðna daga þótti mér tilvalið að deila með ykkur uppskrift af kótiletum í rjómasósu. Þess má þó geta að uppskriftir eru ágætar en lífið er of skemmtilegt til að fara bara eftir þeim.

Kótiletur í rjómasósu:

Kótiletunum er velt upp úr raspi og eggjum. Steiktar á pönnu í smjörlíki. Raðað í eldfast fat. Tómat- og paprikusneiðum raðað ofan á.

Þá er hrist saman:

1 peli rjómi

1 tsk karrý

2-3 súputeningar muldir.



Þessu er hellt yfir kjötið.

Lokað með álappír og bakað í ofni í u.þ.b. 30 mínútur.

Ef kjötið er of þurrt má setja örlítið af mjólk. Gott er að sjóða upp af pönnunni til að fá kraftinn og hella yfir.

Borið fram með hrísgrjónum.

Eftirrættur:

Væn kúla af vanilluís frá kjörís með slettum af heitri

Mars sósu

Mars sósa:

4 mars súkkulaði stykki

2-2.5 dl rjómi

Mars skorið í litla bita. Sett í pott ásamt rjómanum, látið bráðna saman meðan hrært er.

Held að einfaldara geti þetta ekki orðið – ég vil í lokin skora á stórbónda og húsfreyju, hana Helgu Þórisdóttur í Skeiðháholti.

Njótið og lifið heil!

Habbý.



Búvís



RAUCH ÁBURÐARDREIFARAR

MDS dreifari með 800 L stækkun
alls 1700 L.

Einnig Axis EMC með 1800 L
stækkun alls 3200 L. Fullkomnasti
dreifari sem völ er á.

Vandaðir dreifarar fyrir allar
bústaðir.



Eigum til áburðardreifara,
kornvagna og rúlluvagna,
staðsetta á Langstöðum skammt
frá Selfossi.



Nánari upplýsingar í síma 465-1332.

Þetta er prýðis gæðingur af gerðinni Ford Transit 4x4 árgerð 2011 og rúmar 12 farþega.



Bíllinn er í eigu sveitarfélagsins
og er notaður sem skólabíll að
vetrinum.

Það kemur til greina að leigja
hann til afnota yfir sumartímann.

Frá 10. júní – 20. ágúst.

Áhugasamir hafi samband við
sveitarstjóra. Sími 486-6100

kristofer@skeidgnup.is

VIOLA *snyrtistofa* - Högnastíg 1 Flúðum

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun

Fótsnyrting — Handsnyrting –

Vaxmeðferðir - Litun og plokun.



**Tímarpantanir í síma:
856-1599**

Daglegar vöruferðir í uppsveitir Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík

Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.

Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.



Hafðu samband

Héðinsgata 1 – 3, 105 Reykjavík

Sími 533-2211 - www.nesfrakt.is

Beint samband í flutningabíl 773-1626

Nesfrakt

Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: vondull@simnet.is

Rúlluplast - rúllunet - stæðuplast

Polystretch

Verð án vsk
Kr. 9.800,-



Lavanda

Verð án vsk
Kr. 9.800,-

7-layer
15 months
UV-stable
virgin material



Polywrap rúllunet 1,23 x 3000



Verð án vsk
Kr. 19.713,-



Stæðuplast / Undirplast

10 x 50 - 12 x 50

14 x 50 - 16 x 50

18 x 50 - 20 x 50

Stæðuplastið er svart/hvítt 150 mμ
Undirplastið er transparent 40 mμ

Rúllubindigarn / Stórbaggagarn



Rúllutape



LANDSTÓLPÍ



Gunnbjarnarholti,
801 Selfoss
Sími 480 5600

landstolpi.is
landstolpi@landstolpi.is
Við erum líka á Fésbók

Opnun sundlauga í Skeiða –og Gnúpverjahreppi!
Neslaug S: 486-6117 Skeiðalaug S: 486 5500



Neslaug 2018 Skeiðalaug

Opið 2. júní - 31. ágúst!

Mánudaga	LOKAÐ.
Þriðjudaga	14 – 22
Miðvikudaga	14 – 22
Fimmtudaga	14 – 22
Föstudaga	14 – 18
Laugardaga	10 – 18
Sunnudaga	10 – 18

Opið 4. júní—31. ágúst

Mánudaga	16 – 22.
Þriðjudaga	LOKAÐ.
Miðvikudaga	16 – 22
Fimmtudaga	16 – 22
Föstudaga	16 – 22
Laugardaga	11 – 18.
Sunnudaga	11 – 16.

Vörur tengdar sundi seldar í afgreiðslum lauganna.
Hætt er að selja ofan í hálf tíma fyrir lokun.
Aðeins 12 mínútna akstur á milli lauga!

Neslaug og Skeiðalaug eru á
Fylgist með á  ☺

Eypór Brynjólfsson s: 897-1112
Umsjónarmaður sundlauga
eythorb@gmail.com

**Lestrarfélag Skeiða– og Gnúpverjahrepps
Bókahúsinu, Brautarholti.**

14. júní síðasta opnun fyrir sumarfrí og
opnað aftur **23. ágúst!** **Opið fimmtudaga 20:00 -22:00**

Höfum það gott í sumar! S: 486-5505

Netfangbokasafn@skeidgnup.is

<http://www.allirlesa.is>

<http://www.leitir.is>

